



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp um breytingar á lögum nr. 160/2008 um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. FRN23050065
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei X
Dags.	12. maí 2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Í kjölfar breytts lagaumhverfis á málaflokki fatlaðs fólks, m.a. með setningu laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, hefur Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu bent á nauðsyn þess að uppfæra núgildandi lög nr. 160/2008 í takt við breytt umhverfi og framkvæmd. Tilefni frumvarps er því að aðlaga lagaumhverfi stofnunarinnar að gildandi lögum og framkvæmd.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Markmið lagasetningarinnar er að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við þróun í málaflokki fatlaðs fólks og breytt lagaumhverfi. Lagabreytingarnar fela í sér aukinn skýrleika fyrir þá sem að málaflokki koma, m.a. með nánari orðskýringum, auk þess að fela í sér uppfærslu og endurskoðun í takt við gildandi lög.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Núgildandi lög hafa ekki verið uppfærð til samræmis við lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eða lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þannig er sem dæmi vísað til trúnaðarmanns fatlaðs fólks í lögnum í stað réttindagæslumanns fyrir fatlað fólk. Þá er vísað til svæðisskrifstofu málefna fatlaðs fólks, en svæðisskrifstofur voru lagðar niður í upphafi árs 2011. Þá er þörf á að uppfæra ákvæði laganna um vinnslu og skráningu persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Loks er þörf á uppfærslu á ýmsu orðalagi og orðskýringum, t.d. er varðar skilgreiningu á lögblindu, sem ekki er í núgildandi lögum eða reglugerð nr. 233/2010 um úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, en við úthlutun á hjálpartækjum við lögblinda einstaklinga byggir stofnunin á tiltekinni skilgreiningu sem rétt væri að lögfesta.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í sáttmála stjórnarflokkanna um ríkisstjórnarsamstarf frá 2021 segir um málaflokk fatlaðs fólks að lögfesta skuli Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að sett verði á fót ný Mannréttindastofnun. Þá kemur fram að tryggja skuli jafnræði í þjónustu við fatlað fólk, m.a. með samráði ríkis og sveitarfélaga um endurmat á kostnaði við málaflokk fatlaðra og með því að festa í sessi framtíðarfyrirkomulag NPA-þjónustu. Menntunartækifæri skulu tryggð fyrir fatlað fólk.

Starfsemi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er ætlað að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómsunda og atvinnuþátttöku. Stofnuninni er ætlað að hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu.

- 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda**
Með lagasetningunni er stefnt að því að uppfæra núgildandi lög nr. 160/2008 í takt við breytt lagaumhverfi og framkvæmd og stuðla þannig að samræmi og skýrleika í löggjöf, sem mun tryggja getu stofnunarinnar til að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Uppfærsla á lögnum er jafnframt í samræmi við markmið um jafnræði í þjónustu við fatlað fólk.

C. Leiðir

- 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**
Ef ekki verður af lagabreytingum mun lagaumhverfi það sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð starfar eftir ekki vera til samræmis við gildandi löggjöf. Það mun hafa áhrif á getu stofnunarinnar til að sinna hlutverki sínu sem skyldi.
- 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið**
Ljóst er að lagabreytinga er þörf þar sem núgildandi lög eru ófullnægjandi, sbr. það sem að framan er rakið í kafla A. Ekki eru aðrar leiðir en lagabreytingar færar ef ná á markmiðum.
- 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Um er að ræða þörf á breytingarlögum, ekki er þörf á setningu nýrra heildarlaga til að ná markmiðum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

- 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**
Áformað er að gera breytingar á núgildandi lögum til samræmis við breytt lagaumhverfi, framkvæmd og þróun í málaflokki fatlaðs fólks. Um nánari rökstuðning vísast til A-liðar 3. kafla að framan.
- 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**
Fyrirhugaðar eru orðalagsbreytingar, viðbætur og uppfærsla til samræmis við gildandi löggjöf. Nánar um breytingar vísast til A-liðar 3. kafla að framan.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

- 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**
Já, lagabreytingar eru til samræmis við 65. og 76. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
Hvað varðar þjóðréttarlegar skuldbindingar skal nefna lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslensk stjórnvöld fullgiltu árið 2016, einkum 4. gr. samningsins um almennar skuldbindingar, 9. gr. um aðgengi, 19. gr. um réttinn til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu og 20. gr. um ferlimál einstaklinga. Markmið samningsins, eins og fram kemur í 1. gr. hans, er að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og grundvallar frelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi og auka virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess.
- 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**
Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Lagabreytingar eru til samræmis við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Helstu hagsmunaaðilar eru Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, notendur þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir og viðeigandi hagsmunasamtök notenda svo sem Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi og ÖBÍ réttindasamtök.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Samráð hefur farið fram við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er að setja áform um lagasetningu í Samráðsgátt stjórnvalda á vefnum. Þá er fyrirhugað að kynna lagabreytingar í Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, en nefndin er samráðsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila um málefni fatlaðs fólks, og skal hún vera ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumörkun í málaflokki fatlaðs fólks. Auk þess er fyrirhugað samráð við Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

Liggur ekki fyrir að svo stöddu.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?

Nei

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Fyrirhugaðar breytingar eru ekki þess eðlis að gera þurfi ráðstafanir í tengslum við innleiðingu þeirra, eða tíma til aðlögunar fyrir stofnunina eða almenning.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Mikilvægt er að til staðar sé góð samvinna félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Á ekki við.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Á ekki við.

I. Annað

Nei

J. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**
Liggur ekki fyrir að svo stöddu.
2. **Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**
Nei.